

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 87 – 06.06.2007

Miðvikudaginn 6. júní, árið 2007, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 20.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Hólmfríður Guðmundsdóttir í forföllum Péturs Valdimarssonar, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Samþykkt lántöku v/ framkvæmdanna út að austan.
2. Tilboð í kaldavatnstanka á Hólum og á Steinsstöðum og í borholu- og dæluhús í Hrolleifsdal.
3. Samningur um þjónustu á milli Gagnaveitu Skagafjarðar ehf. og Skagafjarðarveitna ehf.
4. Önnur mál.

Einar Gíslason bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Afgreiðslur

1. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að taka lán að upphæð 65 milljónir kr. hjá Lánasjóði sveitarfélaga í lánapakka Sveitarfélagsins Skagafjarðar í júlí og 50 milljónir í september vegna fyrirhugaðra framkvæmda ársins. Lánið er tekið í dollar og ervu til 15 ára með 4.3% vöxtum í dag, en eru breytilegir á 6 mánaðar fresti.
2. Þriðjudaginn 5. júní 2007 voru opnuð tilboð í útboðsverkið Vatnstankar fyrir Hóla í Hjaltadal og Steinsstaðahverfi. Borholu- og dæluhús í Hrolleifsdal. Bragi Þór Haraldsson hjá Verkfræðistofunni Stoð ehf á Sauðárkróki kom fundinn og fór yfir tilboðin.

Verkið var boðið út í opnu útboði. Þrjú tilboð bárust og hafa þau nú verið yfirfarin ásamt kostnaðaráætlun hönnuðar.

Niðurstaðan er eftirfarandi:

			Hlutf.
1 K-TAK ehf.	Tilboðsupph	Leiðr. upphæð	áætl.
Vatnstankur Hóla í Hjaltadal	12.919.400 kr.	12.919.400 kr.	122%
Vatnstankur Steinsstaðahverfi	14.446.400 kr.	14.446.400 kr.	126%
Borholu-dæluhús í Hrolleifsdal	16.864.225 kr.	16.864.225 kr.	144%
Samtals	44.230.025 kr.	44.230.025 kr.	131%

	Tilboðsupph.	Leiðr. upphæð	Hlutf. áætl.
2 Mikael ehf.			
Vatnstankur Hóla í Hjaltadal	14.093.700 kr.	14.093.700 kr.	133%
Vatnstankur Steinsstaðahverfi	15.386.200 kr.	15.709.200 kr.	137%
Borholu-dæluhús í Hrolleifsdal	18.616.030 kr.	18.979.030 kr.	162%
Samtals	48.095.930 kr.	48.781.930 kr.	144%
3 Trésmiðjan Ýr ehf.			
Vatnstankur Hóla í Hjaltadal	14.924.200 kr.	14.924.200 kr.	141%
Vatnstankur Steinsstaðahverfi	15.663.200 kr.	15.663.200 kr.	137%
Borholu-dæluhús í Hrolleifsdal	16.075.670 kr.	16.075.670 kr.	137%
Samtals	46.663.070 kr.	46.663.070 kr.	138%
Kostnaðaráætlun Stoðar ehf.			
Vatnstankur Hóla í Hjaltadal	10.567.100 kr.	10.567.100 kr.	100%
Vatnstankur Steinsstaðahverfi	11.473.500 kr.	11.473.500 kr.	100%
Borholu-dæluhús í Hrolleifsdal	11.733.820 kr.	11.733.820 kr.	100%
Samtals	33.774.420 kr.	33.774.420 kr.	

Samþykkt að Páll Pálsson og Bragi Þór ræði við lægst bjóðendur.

3 Lögð fram til kynningar drög að samningi um þjónustu á milli Gagnaveitu Skagafjarðar og Skagafjarðarveitna ehf.

4 Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.15

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.